

Alþingi

Erindi nr. D 120/1925

komudagur 715 1996

## SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Bjarnarbraut 2, 310 Borgarnes.

Nefndardeild Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

### Umsögn um frumvarp til laga um lögreglulög, 451. mál, heildarlög.

Stjórn Sýslumannafélags hefur fjallað um frumvarpið á tveimur stjórnarfundum og síðan var haldin félagsfundur um málið 15. apríl sl. og þá var meðfylgjandi ályktun samþykkt. Þá hafa margir sýslumenn sent frá sér álitserðir um frumvarpið.

Frumvarpið hefur haft nokkurn aðdraganda í þeirri mynd, eins og það liggur nú fyrir þinginu og margar breytingar verið gerðar á þeirri niðurstöðu, sem fyrri nefndin skilaði frá sér.

Stærstu breytingarnar eru á e lið 1. gr. og breyting á 33. gr. Þetta á við stjórnun björgunar og leitar að týndu fólki og hin breytingin er um hámarksaldur lögreglumanna. Þessar breytingar eru svo veiga miklar að ekki verður fallist á þær.

F. h. Sýslumannafélags Íslands,  
Borgarnesi, 3. maí 1996.

  
Stefán Skarphéðinsson.

Á fundi í Sýslumannafélagi Íslands, mánudaginn 15. apríl 1996, var fjallað um frumvarp til lögreglulaga, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Fundurinn er sammála þeirri grundvallarbreytingu, sem felst í frumvarpinu á skipulagi lögreglunnar og æðstu stjórn hennar, að komið verði á fót embætti ríkislögreglustjóra. Hins vegar telur fundurinn að lagfæra þurfi nokkur mikilvæg atriði í frumvarpinu sem lúta að hlutverki lögreglunnar í landinu, ríkislögreglustjóra og einstakra lögreglustjóra. Bendir fundurinn á nauðsyn þess að hlutverk ríkislögreglustjóra verði fyrst og fremst á sviði stjórnsýslu löggæslumála og leggur fundurinn einnig til að 8. grein frumvarpsins, um sérstakar lögregludeildir, verði felld á brott.

Fundurinn væntir þess að haft verði samráð við Sýslumannafélagið og einstaka sýslumenn eða lögreglustjóra um framgang frumvarpsins og breytingar á því.